



Alþingi
Erindi nr. P 140/1649
komudagur 27.3.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 27. mars 2012

1112018SA TP
Málalykill: 40

Efni: Breyting á lögum um veiðar á villtum dýrum - umsögn um frv. 466. mál 140. lþ.

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 7. mars sl., var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sambandið gerir ekki athugasemd við að frumvarpið hljóti afgreiðslu á Alþingi, enda snerta framkomnar tillögur sveitarfélögin einungis með óverulegum hætti.

Athygli umhverfis- og samgöngunefndar er hins vegar vakin á því að í fyllsta máta er tímabært að endurskoða þau lagaákvæði sem snúa að veiðum á ref og mink, sbr. einkum 12. og 13. gr. laga nr. 64/1994, með síðari breytingum.

Að mati sambandsins hafa fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða þróast með algerlega óviðunandi hætti á undanförunum árum. Þannig hefur umhverfisráðuneytið 19,4 m.kr. til ráðstöfunar samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs til að endurgreiða sveitarfélögum kostnað vegna veiða á ref og mink. Á fjárlögum fyrir árið 2010 voru hins vegar veittar 34,8 m.kr til sama verkefnis.

Stórlega hefur því dregið úr ríkisframlögum til þessa verkefnis á síðastliðnum árum. Ekki verður hins vegar séð að dregið hafi úr veiðum og má því ætla að ríkið hafi áfram fengið skatttekjur af veiðunum í svipuðum mæli og áður. Er nú svo komið að innheimtur virðisaukaskattur stendur undir ríkisframlögum að verulegu leyti.

Þessi þróun hefur átt sér stað í skjóli óskýrra ákvæða um fjármögnun veiðanna. Sambandið hefur lagt ríka áherslu á úrbætur hvað þetta varðar og ennfremur að ekki séu búin til ný grá svæði í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, m.a. með óljósum og jafnvel mótsagnakenndum skilgreiningum í lögum, annars vegar um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og hins vegar um dýravelferð og dýraeftirlit.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs